

Heilbrigði

Vellíðan

Hreyfing stuðlar að vellíðan, gleði og ánægju. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Í gegnum hreyfingu læra börn og er hún þeim eðlislæg. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, til dæmis hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni.

Áherslubættir og leiðir

Í Pálmholti:

Sýnum við umhyggju og hugum að andlegum og líkamlegum þörfum. Við erum góðar fyrirmyndir, sýnum öllum aðilum virðingu, skilning og áhuga ásamt því að hlusta vel.

Er lögð áhersla á persónulega umhirðu til að efla sjálfshjálp í hreinlætisvenjum.

Er boðið upp á fjölbreytta og holla næringu út frá sameiginlegum matseðlum Akureyrarbæjar þar sem farið er eftir ráðleggingum frá Landlæknisembættinu.

Er lögð áhersla á fjölbreytta hreyfingu ásamt ögrandi og krefjandi útivist. Farið er í hreyfistundir, vettvangsferðir í fjölbreyttu landslagi og veðri ásamt frjálsum leik.

Er farið í hvíld eða svefn í hádeginu. Við leitumst við að skapa rólegt og notalegt umhverfi í öllu hópastarfi og frjálsum leik.

Er lögð áhersla á að efla tilfinningaþroska með kennsluefninu Stig af stigi sem ýtir undir jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl nemenda.

Mat

- Við metum starfið hjá okkur með markvissum skráningum á áherslupáttum skólans og gátlistum, ásamt endurmati barna og kennara, til dæmis með jafningjamati og ígrundun.
- Mat á tilfinningaþroska.
- Mat á fín- og grófhreyfingum.
- Daglegar skráningar á hvíld og mat á yngri deildum.